**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**
**nr. 179/1999**

**frá 17. desember 1999**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/1999 frá 5. nóvember 1999([1]).

Tilskipun ráðsins 1999/35/EB frá 29. apríl 1999 um kerfi lögboðinna skoðana til að stuðla að öruggum rekstri ekjuferja og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 56c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95) í XIII. viðauka við samninginn:

„56ca. **399 L 0035:** Tilskipun ráðsins 1999/35/EB frá 29. apríl 1999 um kerfi lögboðinna skoðana til að stuðla að öruggum rekstri ekjuferja og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum (Stjtíð. EB L 138, 1.6.1999, bls. 1).“

---

([1]) Stjtíð. EB L 15, 18.1.2001, bls. 43 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 3, 18.1.2001, bls. 99.
([2]) Stjtíð. EB L 138, 1.6.1999, bls. 1.

*2. gr.*

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 1999/35/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 18. desember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 17. desember 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*
*Formaður*

*N. v. Liechtenstein*

*Ritarar*
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik* *E. Gerner*